



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

ÁRSSKÝRSLA

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐVAR FERÐAMÁLA
2021



© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2022

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Rafpóstur: rmf@rmf.is
Veffang: www.rmf.is

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2021
Ritstjóri: Vera Vilhjálmsdóttir

Prentun: Akureyri: Ásprent Prentmet Oddi ehf

ISSN 2772-1043 (prentuð útg.)
ISSN 2772-1051 (rafræn útg.)

Forsíðumynd: Horft á Uxatinda í fjarska © Svanberg Hjelm Guðnason

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	3
RMF í starfi og leik	4
RMF 2021.....	5
Um RMF	6
RMF í starfi og leik	8
Rannsóknaverkefni	9
Viðburðir	14
Nordic Symposium 29	16
Rannsóknasamstarf	17
Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF	18
Útgefið efni	20
Fyrirlestrar og erindi	21



Ferðamenn við Strokk

Ávarp stjórnarformanns

Ferðapjónusta hefur eflst og henni fleygt fram sem um munar á undanförunum árum, sérstaklega þó síðasta áratuginn. Innan þessarar þjóðhagslegu og mikilvægu atvinnugreinar felast margvísleg tækifæri og einstaklega spennandi möguleikar, sem frjótt starfsfólk og hugmyndaríkir stjórnendur eru sífellt að virkja, samfélaginu til heilla. En okkur ber að huga að jafnvægi, nýsköpun og sjálfbærni, sem miklu máli skiptir, eigi ferðapjónustan að vera arðbær til lengri tíma litið. Einstakri náttúru og menningarverðmætum landsins þarf einnig að huga sérstaklega vel að, því ferðapjónustan lætur víða að sér kveða í samfélaginu og hefur víðtæk efnahagsleg, félagsleg, umhverfisleg og menningarleg áhrif.



Ásta Dís Óladóttir

Um heim allan hefur ferðapjónusta orðið fyrir umtalsverðu tjóni af völdum Covid 19. Þó það sjáist til sólar um þessar mundir, þá er staðan í dag enn að mörgu leyti mjög erfið. Fólk er vissulega byrjað að ferðast í auknum mæli aftur og í því sambandi má velta því upp hvort íslensk ferðapjónusta sé tilbúin til að taka á móti miklum straumi ferðamanna á ný. Reyndar er veiran enn á ferli og það sem meira er, stríð geysar í Evrópu á árinu 2022 sem felur í sér mikla áhættu. Allt hefur þetta áhrif á ferðavilja fólks og fréttir berast sannarlega frá aðilum í ferðapjónustu um að erfiðlega gangi að fá starfsfólk til þjónustustarfa, mörg þúsund manns vantar. Þá eru algengar fyrirsagnir í fjölmiðlum um þessar mundir á borð við „Allt að seljast upp“ „Það er allt að verða fullbókað. Gistirými ekki lengur fáanlegt á mörgum svæðum í júní, júlí og ágúst“ og heildarfjöldi gistinátta hefur tæplega sexfaldast frá fyrra ári. Þá er einnig „verulegur skortur á bílaleigubílum frá maí og fram til ágústloka“. Stóra áskorunin er svo „skortur á starfsfólki í ferðapjónustu“. En þrátt fyrir þessar áskoranir, þá eru víða fjölmörg tækifæri.

Ferðapjónusta sem atvinnugrein hefur skapað ný tækifæri, ný fyrirtæki og þúsundir starfa. Þrátt fyrir það sjáum við ítrekað á það bent að „ekki séu upplýsingar og gögn til um atvinnugreinina“. Úr því er brýnt að bæta og stórefla þarf upplýsingaöflun og rannsóknir á sviði ferðamennsku hér á landi. Það er ekki boðlegt að fólk og fyrirtæki geti ekki byggt á áreiðanlegum gögnum, upplýsingum og þekkingu á sviðinu. Ferðapjónustan nýtir viðkvæmar auðlindir og Íslendingar hafa lært að nýting auðlinda hafsins krefst rannsókna og þekkingar. Þess vegna eru öflugar rannsóknarstofnanir reknar á því sviði. Sömu tókum verður að taka rannsóknir í ferðamálum. Þar eru ekki síður gríðarlegir hagsmunir í húfi og það er hlutverk Rannsóknamiðstöðvar ferðamála að stuðla að öflugum rannsóknum á sviðinu. Hún á að vera leiðandi í upplýsingaöflun og rannsóknum á sviði ferðamála hér á landi, en til þess þarf aukna og tryggja fjármögnun. Öflugt samstarf háskóla, líkt og á sér stað innan Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og markvisst samstarf við atvinnugreinina sjálfa á sviði rannsókna á ferðamálum, nýsköpun og sjálfbærni mun skapa aukna arðsemi þegar til lengri tíma er litið. En rannsóknarstofnanir, stjórnvöld og atvinnugreinin verða að ganga í takti þegar kemur að rannsóknum á sviði ferðapjónustu. Það er t.a.m. áhugavert að sjá ábendingu í riti íslenska ferðaklasans, Virðisauki í ferðapjónustu 2.0, en þar segir „Rannsóknir á sviði ferðapjónustu hafa aukist þó enn sé þeim verulega ábótavant...“. Þetta er brýning sem stjórnvöld þurfa að taka til sín.

En þrátt fyrir allt hefur verið talsverð gróska í rannsóknum hjá RMF og fjölmargar birtingar litið dagsins ljós. Þá mun síðar á þessu ári nýtt tímarit, „Ferðamál á norðurslóðum“ hefja göngu sína. Um er að ræða vísindatímarit á sviði ferðamála og markmið þess að skapa vandaðan vettvang fyrir þverfræðilega umfjöllun um ferðamál, ferðamennsku og ferðapjónustu á norðurslóðum með það fyrir augum að auka fræðilega þekkingu og styrkja faglega umræðu um ferðapjónustu á norðurslóðum. Undirbúningur þess hefur verið hjá starfsfólki RMF.

Þakka ber Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, forstöðumanni RMF, stjórn og öllu starfsfólki fyrir góð og árangursrík störf á árinu. Höfum í huga að ánægður ferðamaður er mikilsverður landkynnir. Í íslenskum málshætti segir; „Hver ferð er fjár verð“. Megi það verða keppikefli ferðapjónustunnar, og okkar allra, að sérhver ferðamaður finni þá tilfinningu innra með sér að ferð sín á Íslandi hafi verið hværrar krónu virði, og helst, vel það. Góða ferð!

Dr. Ásta Dís Óladóttir

Stjórnarformaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

RMF í starfi og leik



Svipmyndir frá starfsmannaferð RMF á Akureyri



RMF 2021

Árið 2021 var ekki það viðsnúningsár fyrir ferðaþjónustuna sem allir vonuðust eftir enda hélt Covid-19 faraldurinn áfram að setja mark sitt á bæði samfélag og efnahagslíf. Almennt var þó starfsemi RMF í nokkuð föstum skorðum; rannsóknarverkefni héldu áfram, sumum var lokið og ný litu dagsins ljós. Netfundir og netráðstefnur voru nánast daglegt brauð en af og til tókst þó að koma saman augliti til auglitis á fundum og minni málþingum. Þannig tókst að halda bæði starfsdag RMF og aðalfund í raunheimum og var mjög dýrmætt að fá tækifæri til samvista og samveru sem óneitanlega felur í sér meiri dýpt og nánd en skjárin býður upp á. Starfsfólk RMF hefur aðsetur bæði í Reykjavík og á Akureyri og því kærkomið að fá tækifæri til þess að verja saman degi til fræðslu og skemmtunar. Aðalfundur RMF fór að þessu sinni fram við Háskóla Íslands og í kjölfar fundarins undirrituðu Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands og Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri ferðamálaeildar Háskólans á Hólum, endurnýjaðan samning milli skólanna um RMF. Háskólarnir þrír eru þýðingarmikill bakhjarl fyrir starfsemi RMF og um leið gegnir RMF mikilvægu hlutverki í eflingu samstarfs og samvinnu þessara stofnana á sviði rannsókna í ferðamálum.



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Ekki tókst að halda alla viðburði ársins með óbreyttu sniði og það átti við ráðstefnuna 29th Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research Shaping mobile futures: Challenges and possibilities in precarious times, sem án efa var hápunktur starfsársins. Ráðstefnan er hluti af starfi samtakanna Nordic Society for Tourism and Hospitality Research (NORTHORS) og er vettvangur fræðilegrar umræðu á sviði ferðamála. Ráðstefnan er haldin árlega á Norðurlöndunum og því fimmta hvert ár á Íslandi. RMF hefur jafnan haldið utan um framkvæmd og skipulagningu ráðstefnunnar hér á landi með stuðningi frá skólunum þremur sem standa að RMF.

Yfirskrift ráðstefnunnar var Mótun hreyfanleika framtíðar og fjallaði hún um ábyrga ferðaþjónustu og sjálfbæra framtíð í kjölfar óvissutíma. Skipulagning ráðstefnunnar var unnin í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólann á Akureyri. Upphaflega átti að halda ráðstefnuna í Háskólanum á Akureyri í september 2020 en vegna Covid-19 var henni frestað um ár eða þar til 21.-23. september 2021. Vegna hertra sóttvarnaaðgerða á Íslandi í ágúst 2021 var ákveðið með mánaðar fyrirvara að færa ráðstefnuna alfarið yfir á rafrænt form. Undirbúningur alþjóðlegrar ráðstefnu felur í sér mikla vinnu og þegar við bætist að breyta þarf fyrirkomulaginu á seinustu stundu þá tvöfaldast sú vinna í raun og á starfsfólk RMF allt miklar þakkir skildar fyrir sitt framlag. Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri sá um öll tæknimál með styrkri hendi og skipti það miklu máli fyrir framkvæmd ráðstefnunnar sem haldin var í gegnum Zoom dagana 21.-23. september. Þátttaka fór fram úr öllum væntingum en liðlega 200 manns tóku þátt. Flestir þátttakendur komu frá Norðurlöndum en hluti þeirra kom frá öðrum Evrópuþjóðum, Norður-Ameríku og Japan. Á ráðstefnunni voru haldin 157 erindi í 31 málstofu og auk þess voru fjórar vinnustofur með 15 erindum. Mikil ánægja var með ráðstefnuna og framkvæmd hennar og bærust RMF ýmsar góðar kveðjur í kjölfarið.

Fjölgun var í starfsliði RMF í ársbyrjun en þá tók til starfa Ása Marta Sveinsdóttir. Ása er verkefnaráðin til þriggja ára og viðfangsefni hennar snúa aðallega að rannsóknum á skemmtiskipaferðamennsku. Erlendir starfsmenn og sumarstarfsfólk settu einnig sinn svip á starfsemi RMF árið 2021.

Undir lok árs 2021 var verkefnastaða komandi árs nokkuð óljós og er það enn og aftur áminning um veikt rannsóknarumhverfi þessarar mikilvægu atvinnugreinar. Árið 2018 sendi stjórn RMF frá sér ályktun þar sem stjórnvöld voru hvött til þess að gera án tafar átak í fjármögnun ferðamálarannsókna. Það átak lætur því miður enn á sér standa.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Um RMF

RMF – Rannsóknamiðstöð ferðamála – er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðapjónustunnar og Ferðamálastofu.

Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Öflugar rannsóknir eru forsenda markvissrar stefnumótunar, áætlunargerðar og markaðssetningar í greininni. Markmið RMF er að skapa þekkingargrunn sem byggir undir og styður við ábyrga ferðapjónustu og ferðamennsku.

Markmið RMF eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamálum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna sem að miðstöðinni standa á sviði ferðamála
- efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
- gefa út skýrslur og miðla niðurstöðum rannsókna í ferðamálafræðum
- gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum

Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands. Aðalskrifstofan er til húsa á 7. hæð í Borgum, rannsóknahúsi Háskólans á Akureyri. Í Reykjavík er skrifstofa RMF á 2. hæð í Nýja Garði, húsi Háskóla Íslands.

Starfsfólk

- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður 100%
- Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingur 100%, hóf störf 1. febrúar 2021
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%
- Íris Hrunð Halldórsdóttir, sérfræðingur 75%
- Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingur 100%
- Þórný Barðadóttir, sérfræðingur 20%
- Anna Vilborg Einarsdóttir sérverkefni
- Magdalena Falter sérverkefni
- Elva Dögg Pálsdóttir sumarstarfsmaður
- Kristófer Orri Guðmundsson sumarstarfsmaður
- Kolbrún Reynisdóttir sérverkefni
- Ragnhildur Pétursdóttir sumarstarfsmaður

- Alina Bavykina starfsnemi
- Clay Appell starfsnemi

Starfsmannaferð

Þann þriðja september var starfsmannadagur RMF haldinn á Akureyri. Starfsfólk RMF hóf daginn með góðum morgunverði á Kaffi Ilm áður en haldið var í Menningarhúsið Hof þar sem fyrrverandi forstöðumaður RMF og núverandi viðburðarstýrari Menningarfélags Akureyrar tók á móti RMF liðum og fræddi þá um þá fjölbreyttu starfsemi sem fer fram í húsinu. Að því loknu lá leiðin í Flugsafn Íslands þar sem farið var yfir sögu safnsins og safnkostir skoðaðir.



Starfsmenn RMF skoða vélakost Flugsafns Íslands

Deginum lauk með kennslu í sushi gerð hjá Majó – Food and Culture, þar sem búið var til margvíslegt góðgæti sem síðan var borðað með bestu lyst.



Guðrún Þóra lærir réttu handbrögðin við sushi gerð

Stjórn

Í stjórn RMF sitja tveir fulltrúar Háskóla Íslands, tveir fulltrúar Háskólans á Akureyri, einn fulltrúi frá Háskólanum á Hólum, einn frá Ferðamálastofu og einn frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Sú breyting varð á stjórn RMF í byrjun árs að dr. Ásta Dís Óladóttir, dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, tók við formennsku af dr. Guðrúnu Pétursdóttur sem lét af störfum um áramótin. Rannveig Ólafsdóttir var í leyfi frá stjórnarstörfum á árinu og kom dr. Katrín Anna Lund, prófessor í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands, inn í hennar stað.

Í árslok 2021 sátu í stjórn:

- Ásta Dís Óladóttir (Háskóli Íslands) formaður stjórnar
- Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)
- Bragi Guðmundsson (Háskólinn á Akureyri)
- Hafdís Björg Hjálmsdóttir (Háskólinn á Akureyri)
- Ingibjörg Sigurðardóttir (Háskólinn á Hólum)
- Vilborg Helga Júlíusdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar)
- Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Aðalfundur stjórnar

Aðalfundur RMF var haldinn þann 19. ágúst í Grósku – hugmyndahúsi í Vatnsmýri. Fundurinn var með hefðbundnu sniði. Nýr formaður stjórnar RMF, Ásta Dís Óladóttir, dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, ávarpaði fundinn, Harpa Halldórsdóttir, forstöðumaður fjármála- og greiningar hjá Háskólanum á Akureyri fór yfir ársreikning RMF og Guðrún Þóra, forstöðumaður RMF, fór yfir árskýrslu RMF og komandi starfsár.

Eftir fundinn undirrituðu Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, Jón Atli Benediktsson,

rektor Háskóla Íslands og Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri ferðamálaeildar Háskólans á Hólum, endurnýjaðan samning milli skólanna um RMF en samningurinn gildir til næstu tveggja ára.



Eyjólfur Guðmundsson, Jón Atli Benediktsson og Ingibjörg Sigurðardóttir undirrita nýjan samning um RMF f.h. háskólanna þriggja

Stjórn RMF fékk til sín góða gesti bæði fyrir og eftir aðalfundinn. Anna Dóra Sæþórsdóttir deildarforseti líf- og umhverfisvísindaeildar Háskóla Íslands kynnti nám í ferðamálafræði og rannsóknaráherslur starfsfólks. Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans kynnti starfsemi klasans. Sumarliði Ísleifsson lektor við Háskóla Íslands kynnti nám í hagnýtri menningarmiðlun og stafrænni miðlun og nýsköpun og Arndís Bergsdóttir, nýdóktor í ROCS verkefni og verkefnisstýra ROCS á Íslandi ræddi um gildi þverfaglegra rannsókna.

Auk stjórnar sátu fundinn Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður Stofnunar Rannsóknasetra Háskóla Íslands og sérfræðingur á skrifstofu rektors Háskóla Íslands, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Vera Vilhjálmssdóttir og Íris Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingar RMF.



Stjórn og starfsfólk RMF ásamt rektorum HÍ og HA eftir aðalfund RMF í Grósku.

RMF í starfi og leik



Ásta Dís stjórnarformaður RMF sker fyrstu kökusneiðina eftir undirritun nýs samnings um RMF



Eftir góðan kynningarfund á Húsavík um tækifæri poppmenningar ferðapjónustu var nýja Eurovision safnið skoðað



NS29 ráðstefnugjafir til þátttakenda





Skemmtiferðaskip við bryggju á Ísafirði

Rannsóknaverkefni

Áhrif skemmtiskipaumferðar á náttúru, efnahag og menningu samfélaga á norðurslóðum (ACT)

Áhrif koma skemmtiferðaskipa á náttúru, efnahag og menningu norðurslóða (e. Navigating Impacts of the Arctic Tourism Industry on Nature, Commerce, and Culture in Northern Communities) er alþjóðlegt samstarfsverkefni þar sem RMF er meðal þátttakenda.

Í verkefninu verður lögð áhersla á að fanga hin mismunandi áhrif sem umferð skemmtiferðaskipa óhjákvæmilega hefur á heimsóknarsvæði. Jafnframt verður sérstök áhersla lögð á að fanga breyttar aðstæður á tímum Covid-faraldursins.

Svæði til rannsóknar eru Juneau og Nome í Alaska, Bandaríkjunum; Bergen, Noregi, Visby á Gotlandi, Svíþjóð og Akureyri á Íslandi.

Fjölmarginir rannsakendur víðsvegar að koma að verkefninu sem leitt er af Dr. Robert Orttung (George Washington háskóla, Bandaríkjunum) og Dr. Astrid Elizabeth Ogilvie (Colorado háskóla, Bandaríkjunum).

Aðkoma RMF felst að mestu í öflun upplýsinga, ráðgjöf og ábendingum sem byggja á fyrri rannsóknum miðstöðvarinnar á ferðapjónustu tengdri komum skemmtiferðaskipa á Norðurlandi.

Umsjón íslensks hluta verkefnis: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Barðadóttir.

Aðlögunarhæfni og seigla í ferðapjónustu: Hvernig á að mæta áföllum? Hvernig unnt er að efla þrautseigju í greininni

Tólf mánaða rannsóknarverkefni sem unnið er fyrir Ferðamálastofu og snýr að því að varpa ljósi á hvaða áhrif Covid-19 heimsfaraldurinn hefur haft á ferðapjónustufyrirtæki hér á landi. Er þetta fyrsti áfangi af stærra verkefni um að skoða aðlögunarhæfni og seiglu í ferðapjónustu.

Stýrihópur hefur verið skipaður um rannsóknarverkefnið og í honum eru rannsakendur frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Hólum og RMF. RMF sér um framkvæmd og utnumhald en Íris H. Halldórsdóttir, sérfræðingur RMF, hefur umsjón með verkefninu.

Fyrri áfangaskýrsla verkefnisins kom út haustið 2021. Skýrslan er ítarleg samantekt og greining á fyrirliggjandi gögnum um áhrif COVID-19 á ferðapjónustuna og nýtist sem tölulegur grunnur fyrir áframhald verkefnisins. Lokaskýrsla verkefnisins kemur út vorið 2022.

Efnahagsleg áhrif Airbnb gestgjafa á samfélög á norðurlóðum

Verkefnið er norrænt samstarfsverkefni, styrkt af Nordregio ACP sjóðnum en meginmarkmið þess er

að rannsaka hvaða hlutverki Airbnb gestgjafar gegna í byggðapróun sem og sjálfbærri þróun áfangastaða á þremur norrænum dreifbýlissvæðum; Norðurlandi (Ísland), Norður-Jótlendi (Danmörk) og Nordland Noregur).

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, er verkefnisstjóri íslenska hluta verkefnisins en auk hennar vinnur Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingur hjá RMF, að verkefninu.

Sumarstarfsfólk vinnur rannsókn um bjargráð í ferðaþjónustu

Sumarið 2021 unnu Ragnhildur Pétursdóttir og Kristófer Orri Guðmundsson nemendur í Háskóla Íslands að verkefninu “Kóvið tæklað – Rannsókn á bjargráðum í ferðaþjónustu”.



Það var eitt þeirra verkefna sem hlutu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna 2021.

Verkefninu var ætlað að varpa ljósi á hvort og hvaða hlutverki sköpunarkraftur og nýsköpun hafa gengt í krísustjórnun ferðaþjónustunnar á Suðurlandi á tímum Covid-21.

Umsjónarmaður verkefnisins var Íris H. Halldórsdóttir f.h. RMF.

Gerð spurningakönnunar fyrir ferðamenn á áfangastöðum Vörðu

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) fór þess á leit við Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) sumarið 2021 að hanna spurningalista sem ætlað er að meta upplifun ferðamanna á áfangastöðum Vörðu, sem samkvæmt stefnuskjali frá apríl 2021 eru fjölsóttir áfangastaðir sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu. Áfangastaðir sem verða Vörður þurfa að uppfylla eða vinna markvisst að skilgreindum viðmiðum. Eitt af þeim er að upplifun ferðamanna mælist jákvæð. Verkefni RMF fólst í rýningu fyrirbyggjandi gagna og hönnun spurningalista í samráði við hagaðila. Lokaafurð var spurningalisti og greinargerð um val spurninga og tillögur að framkvæmd.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fór með verkefnisstjórn en gagnasöfnun og skrif greinargerðar var í höndum Elvu Dögg Pálsdóttur, sumarstarfsmanns á RMF.

Gildi og nýting minjastaða

Verkefnið er unnið að beiðni Minjastofnunar Íslands og er styrkt af evrópska styrktarsjóðnum ESPON. Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka hvernig heimamenn sjá og meta minjastaði í sínu nánasta umhverfi.

Um er að ræða tilviksrannsókn þar sem Hofstaðir í Mývatnssveit verða nýttir sem dæmi, en svæðið sem rannsóknin nær yfir er Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit.

Í verkefninu verður lögð áhersla á að öðlast innsýn í samfélagslegt gildi minjastaða fyrir heimamenn og kanna hvort, og þá hvernig, minjastaðir geti gagnast íbúum svæðisins, ásamt þeim mögulegu ávinningum sem hlotist hafa af þeim fornleifarannsóknnum sem hafa farið fram á svæðinu í gegnum árin.

Gagnasöfnun var þrjúþætt: viðtöl við hagaðila, rýnihópur meðal heimamann og rafræn spurningakönnun meðal íbúa. Gagnasöfnun fór fram sumarið og haustið 2021 og verkefninu lýkur með skýrslu með niðurstöðum rannsóknarinnar vorið 2022.

Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingur RMF, hefur umsjón með verkefninu.

Kínverskir ferðamenn á Íslandi



ASIAN MOBILITIES
CONSUMPTION IN A
CHANGING ARCTIC

Edited by
Young-Sook Lee



Markmið þessarar rannsóknar var að öðlast innsýn í upplifun þeirra sem eru að þjónusta kínverska ferðamenn hér á landi.

Viðtöl voru tekin við ferðaþjónustuaðila sem þjónusta og eiga í samskiptum við kínverska ferðamenn í sínum störfum.

Niðurstöður viðtalanna voru nýttar í skrif á bókarkafli fyrir bókina *Asian Mobilities Consumption in a Changing Arctic* sem RMF var boðið að taka þátt í. Young-Sook Lee (The Arctic University of Norway) ritstýrði bókinni sem gefin var út af Routledge í árslok 2021. Undirbúningur fyrir

verkefnið hófst haustið 2019 en gagnaöflun fór fram sumarið 2020.

Auk bókarkafans kom út skýrsla á íslensku vorið 2021 með niðurstöðum rannsóknarinnar.

Verkefnisstjóri var Vera Vilhjálmsdóttir (verav@rmf.is) en ásamt henni komu þær Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (RMF) og Rosemary Black (Charles Sturt University) að kaflaskrifum.

Kortlagning helstu ferðaleiða

Fjölbjóðlegt verkefni þar sem leitað er leiða til að skrásetja helstu ferðaleiðir skemmtiskipafarþega við heimsóknir á viðkomustöðum skipanna. Verkefnið er styrkt til þriggja ára (2020-2023) af Norræna samstarfssjóðnum um rannsóknir í hug- og félagsvísindum (e. NOS-HS The joint committee for Nordic research councils in the humanities and social sciences). Stefnt var að sameiginlegri vinnustofu hópsins á Íslandi á árinu en vegna heimsfaraldurs var vinnustofan færð á alnetið og fór hún fram í september 2021. Með verkefnisstjórn fer Guðrún Þóra Gunnarsdóttir ásamt Þórnyju Barðadóttur.

OUTPACE: Poppmenning í ferðapjónustu

Outpace var tveggja ára verkefni (2019-2021) fjármagnað af ESB Erasmus+ styrkjaáætluninni um áhrif og nýtingu poppmenningar í ferðapjónustu. Samstarfsaðilar verkefnisins komu frá menntastofnunum og fyrirtækjum í fimm löndum: Litháen, Bretlandi, Írlandi, Svíþjóð og Íslandi. Gedimino tækniháskólinn í Vilnius (VGTU) leiddi verkefnið.

Markmið OUTPACE var að vekja athygli á því hvernig poppmenning getur stuðlað að nýsköpun og vöruþróun í ferðapjónustu. Í verkefninu voru þróaðar kennsluáðferðir sem styðja við þekkingarsköpun og aukna færni ferðapjónustuaðila á þessum nýja vettvangi. Lögð var áhersla á að vinna náið með hagsmunaaðilum í hverju aðildarlandi fyrir sig til þess greina tækifæri og hindranir í því að nýta poppmenningu til vöruþróunar í ferðapjónustu.

Verkefnisstjóri íslenska hluta verkefnisins var Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF en auk hennar unnu Elísabet Ögn Jóhannsdóttir og Vera Vilhjálmsdóttir, sérfræðingar RMF, að verkefninu.

Í tengslum við verkefnið var útbúið fræðsluefni fyrir kennara, nemendur og ferðapjónustuaðila um þá

möguleika og áskoranir sem felast í nýtingu og áhrifum poppmenningar á ferðapjónustu. Hægt er að nálgast efnið á heimasíðu OUTPACE undir 'Resources'.


Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins: <https://www.popculturetourism.eu/>

Sjálfbær móttökusvæði skemmtiskipa á norðurslóðum

Fjölbjóðlegt rannsóknarverkefni á svæðisbundinni stjórnun og stýringu skemmtiferðaskipa á norðurslóðum. Til rannsóknar eru aðstæður á völdum móttökusvæðum skemmtiferðaskipa í Noregi, Grænlandi og Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að leita bestu leiða til stýringar með sjálfbærni að leiðarljósi. Verkefnið er styrkt til þriggja ára (2020-2023) af norska rannsóknaráðinu (norsk-rússneskar rannsóknir). Verkefnisstjóri er Hindertje Hoarau-Heemstra (Nord háskóla, Noregi) en Ása Marta Sveinsdóttir hefur fyrir hönd RMF farið með verkefnisstjórn íslensks hluta.

Frá upphafi árs 2021 hefur markvisst verið unnið að gagnaöflun sem mun halda áfram árið 2022.

Stefnt var að því að halda verkefnafund í Osló í lok árs 2021 til þess að fara yfir stöðu verkefnisins en vegna heimsfaraldurs var fundinum frestað til ársins 2022.



Gljúfrabúi

Vinnufundur T-CRISIS-NAV verkefnisins

Í nóvember tók Rannsóknarmiðstöð ferðamála þátt í fundi í norður Skotlandi um Erasmus+ verkefnið T-Crisis-NAV sem Rannsóknamiðstöðin er þátttakandi í.



Á þessum fundi voru þátttakendur frá Skotlandi, Írlandi, Spáni, Þýskalandi og Íslandi. Var þetta fyrsti fundurinn sem þátttakendur hittast augliti til auglitis en verkefnið hófst 2020 og er til þriggja ára.

Á fundinum ræddu samstarfsaðilar um efni sem þyrfti að vera til staðar í námsefni fyrir hinar ólíku menntastofnarnir til þess að aðilar ferðapjónustunnar öðlist færni og hæfni til að takast á við krísu á áhrifaríkan hátt. En afurð þessa verkefnis er námsskrá og námsefni til að gera menntastofnunum kleift að bjóða uppá fræðslu og þjálfun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrir frumkvöðla framtíðar í ferðapjónustu.

Frekari upplýsingar um verkefnið má sjá á heimasíðu þess www.tourismrecovery.eu

T-CRISIS-NAV Leiðsögn lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ferðapjónustu í gegnum krísu

Rannsóknamiðstöð ferðamála er þátttakandi í Erasmus + verkefninu: Navigating SMEs in the tourism sector through crisis (T-CRISIS-NAV). Verkefninu er stýrt af University of Highlands and Islands í Skotlandi. Verkefnið er unnið í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Írlandi, Þýskalandi, Danmörku, Spáni ásamt Íslandi. Verkefnið hófst í september 2020 og mun það standa yfir í þrjú ár (2020-2023).

Verkefninu er ætlað að þróa námsskrá og námsefni til að gera ólíkum menntastofnunum kleift að bjóða uppá fræðslu og þjálfun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og frumkvöðla framtíðar, í ferðapjónustunni, til þess að öðlast þá færni, tæki og töl

sem nauðsynleg eru til að takast á við kreppu á áhrifaríkan hátt.

Hlutverk Rannsóknamiðstöðvar ferðamála í þessu verkefni er fjölbreytt en sem fulltrúi háskólastofnana sér RMF um gæðamat á því efni sem verkefninu er ætlað að búa til. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir leiðir verkefnið af hálfu RMF ásamt Íris H. Halldórsdóttur, sérfræðingi RMF.

Úttekt á ferðapjónustu og útivist vegna færslu hringvegjar í Mýrdal

Markmiðið með þessari rannsókn var að afla gagna um viðhorf tiltekinna notendahópa til færslu Hringvegjar um Mýrdal og gerð jarðgangna í gegnum Reynisfjall. Rannsóknin byggðist annars vegar á greiningu fyrirbyggjandi gagna og hins vegar á viðtölum við ferðapjónustuaðila, fulltrúa stoðkerfa ferðapjónustunnar, útivistarfólk og ferðamenn á svæðinu, innlenda sem erlenda.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir hafði umsjón með verkefninu en megin gagnaöflun og skýrsluskrif voru í höndum Önnu Vilborgar Einarsdóttur, ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Magdalena Falter, doktorsnemi við HÍ kom einnig að gagnaöflun og Hjalti Jóhannesson, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri veitti ráðgjöf og kom einnig að skýrsluskrifum. Verkefnið var unnið að beiðni Vegagerðarinnar og lauk því í nóvember 2021.

Vetraráfangastaðurinn Akureyri

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig Akureyringar upplifa sína heimabyggð sem vetraráfangastað og fá innsýn í áherslur íbúa hvað varðar uppbyggingu vetrarferðapjónustu, skipulagningu og stýringu hennar til framtíðar. Könnuð er upplifun íbúa á þeirri breytingu sem verður á Akureyri, þeirra heimabyggð, þegar bærinn fyllist af ferðamönnum, hvort vísbendingar séu til staðar um álag á íbúanna vegna ferðapjónustunnar og hvaða áherslur þeir myndu vilja sjá í skipulagningu og stýringu vetrarferðapjónustu í bænum. Gagnaöflun fór fram á árinu 2021 en lokaskýrsla verður birt á fyrri hluta ársins 2022.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir stýra verkefninu sem er hluti af rannsóknasamstarfi þeirra við Dr. Georgette Leah Burns, Griffith University, Ástralíu og Dr. Guðrúnu Helgadóttur, Háskólanum í Suð-austur Noregi. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) hefur umsjón með gagnaöflun og Akureyrarstofa er

rannsóknateyminu til ráðgjafar. Rannsóknin er unnin með stuðningi frá Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.

Rannsókn á viðhorfum heimamanna á tímum COVID-19

Um tilviksrannsókn var að ræða sem fór fram á fjórum stöðum: 101 Reykjavík, Ísafirði, Skútustaðahreppi og Höfn í Hornafirði. Kannað var hvaða áhrif hrun í umsvifum ferðaþjónustu og breytt starfsumhverfi hennar hefur haft á viðhorf heimamanna til greinarinnar, þ.m.t. hvernig heimamenn upplifðu breytingarnar og hverju þeir fundu mest fyrir. Þá var kannað hvort breytingarnar hafi haft mælanleg áhrif á viðhorf til ferðamanna og ferðaþjónustu. Í því samhengi var horft til niðurstaðna úr fyrri rannsóknum sem gerðar hafa verið á rannsóknarsvæðunum fjórum. Skýrslur með niðurstöðum voru birtar haustið 2021.

Rannsóknin, sem var unnin fyrir Ferðamálastofu, var liður í reglubundinni gagnasöfnun hins opinbera á félagslegum áhrifum ferðaþjónustunnar og tengist framtíðarsýn stjórnvalda um að ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag. Eyrún Jenný Bjarna-dóttir stýrði verkefninu.

Lífríki norðurslóða – Ljósmyndasýning við Hörpu




20. maí 2021 opnaði við Hörpu í Reykjavík ljósmyndasýning sem er afrakstur ljósmyndasamkeppninnar Lífríki norðurslóða "Í gegnum linsuna" þar sem lífríki norðurslóða er í brennidepli.

Keppninni var ætlað að vekja athygli á mikilvægi lífríkisins á norðurslóðum og benda á þann fjölda áskoranna sem það stendur frammi en jafnframt að sýna áhorfandanum fegurð og töfra þessa einstaka svæðis. Ljósmyndakeppnir undir þessu heiti voru haldnar árin 2014 og 2018 og þeim báðum fylgt eftir með fjölda sýninga á Íslandi og erlendis.

Lífríki norðurslóða "Í gegnum linsuna" verkefnið er leitt af skrifstofu CAFF, vinnuhóps Norðurskautsráðsins um verndun lífríkisins á norðurslóðum, í samvinnu við IASC, Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndina, en höfuðstöðvar beggja eru í norðurslóðabænum Akureyri.

RMF er meðal fjölmargra annarra aðila sem komið hafa að verkefninu.



Í Herjólfu



Þoka í Hafnarfjalli

Viðburðir

Rannsóknardagur RMF 2021

Rannsóknardagur RMF var haldinn að Kríunesi 12. maí 2021. Dagurinn er helgaður doktorsnemum sem stunda rannsóknir á ferðamálum. Að þessu sinni hittust átta doktorsnemar ásamt leiðbeinendum og öðrum sérfræðingum. Markmiðið með deginum að nemendur fái tækifæri til að ræða rannsóknir sínar á jafningjagrundvelli við aðra nemendur og við fagmenn á sviðinu. Doktorsnemarnir kynntu rannsóknir sínar og stöðu þeirra og sköpuðust áhugaverðar umræður.



Guðrún Þóra, Málfríður og Rannveig spjalla eftir rannsóknadaginn

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður RMF setti Rannsóknadaginn og stjórnaði framvindu viðburðarins.


Fjölbreytileg rannsóknarverkefni voru kynnt, líkt og sjá má á listanum hér að neðan:

- Magdalena Falter / Entrepreneurship and innovation processes in rural communities in Iceland– Case study of Hacking Hekla.
- Magnús Haukur Ásgeirsson / Þjónustuhneigð í ferðaþjónustu: Ný þekking eða bergmál fyrri tíma?
- Tinna Gunnarsdóttir / Snert á landslagi – fagurferðileg upplifun sem afl í baráttunni gegn umhverfisvanda mannaldarinnar
- Sigrún Birgisdóttir / Borgarvæðing landslags: Áhrif ferðaþjónustu á arkitektúr og landslag á 64°
- Elva Björg Einarsdóttir / Place making in V-Barð, Iceland
- Þórný Barðadóttir / Samvera á jaðrinum – Melrakkaslétta á ferð
- Barbara Olga Horyn / Tourist safety in polar regions- guide's competence and emergency preparedness strategies in Iceland, Svalbard and Greenland
- Edita Tverijonaite / Nature-based tourism in renewable energy landscapes

UArctic Congress 2021

Árleg ráðstefna Háskóla norðurlóða (e. UArctic Congress) sem átti að fara fram að hluta á Akureyri var haldin að mestu rafrænt dagana 15.-18. maí 2021. Ráðstefnan var skipulögð af íslenskum háskólastofnunum sem eru aðilar að Háskóla norðurlóða. Tilgangur ráðstefnunnar er að leiða saman fræðimenn, sérfræðinga, fulltrúa frumbyggja og ekki síst nemendur til að ræða saman málefni norðurlóða, efla samvinnu þegar kemur að rannsóknum og stuðla að sjálfbærum lausnum á þeim áskorunum sem svæðið stendur frammi fyrir. Fjölmargar málstofur með aðkomu fræðafólks HA voru á dagskrá og mátti greina þrjú meginþemu: Heilbrigði og velferð á Norðurlóðum, heimskautarétt og loftslagsbreytingar.

RMF stóð fyrir málstofu á ráðstefnunni undir heitinu *Science Informing Policy and Management for Arctic Tourism*. Dr. Nathan Reigner, vísindafélagi RMF, skipulagði málstofuna en Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, var málstofustjóri.



Þátttakendur málstofunnar á UArctic Congress

Hans Welling, Erinn Drage, Tracy Michaud og Nathan Reigner tóku þátt í málstofunni og ræddu hvernig hægt er að nýta rannsóknir til að stuðla að betri stefnumörkun og stjórnun á ferðaþjónustu á norðurlóðum.

Þjóðarspegillinn 2021

Þjóðarspegillinn er árleg ráðstefna í félagsvísindum við Háskóla Íslands. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í 22. sinn föstudaginn 29. október 2021. Ráðstefnan var rafræn eins og árið á undan og voru málstofur haldnar í opnu streymi.

RMF stóð fyrir þremur málstofum um ferðamál í samvinnu við ferðamáladeildir Háskóla Íslands og

Háskólans á Hólum. Erindin sem flutt voru fjölluðu öll um ferðamál í fjölbreytilegu samhengi sem þó má gróflega setja í þrjá undirflokka: ferðamennska, mannvirki og náttúra; áhrif heimsfaraldurs og samfélag og menning.

Kynningarfundir um tækifæri poppmenningar ferðaþjónustu

RMF hélt tvo kynningarfundi í nóvember undir yfirskriftinni Poppmenning: skapandi afl í ferðaþjónustu? Fyrri fundurinn var haldinn á Húsavík 8. nóvember á Cape Hotel Húsavík en sá síðari var haldinn rafrænt 25. nóvember. Þekkingarnet Þingeyinga og Markaðsstofa Suðurlands voru RMF innan handar við skipulagningu og kynningu á fundunum.

Fundirnir voru haldnir í tengslum við evrópska samstarfsverkefnið Outpace sem RMF hefur verið aðili að undanfarin tvö ár en samstarfsaðilar verkefnisins koma frá menntastofnunum og fyrirtækjum í fimm löndum: Litháen, Bretlandi, Írlandi, Svíþjóð og Íslandi.



Örlýgur Hnefill segir frá Eurovision ævintýrinu á Húsavík

Á fundina komu einnig áhugaverðir gestafyrirlesarar til að segja frá sínum verkefnum og hvernig þau tengjast poppmenningar ferðaþjónustu:

- Einar Hansen Tómasson, Film in Iceland
- Auður Ingólfssdóttir, Markaðsstofa Norðurlands
- Dorothee Lubecki, Bókabæirnir austanfjalls
- Jón Bjarni Guðmundsson, True North
- Dagný Hulda Jóhannsdóttir, Markaðsstofa Suðurlands
- Örlýgur Hnefill Örlýgsson, Eurovision sýningin á Húsavík

Nordic Symposium 29

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á sviði ferðamála sem nefnist Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research. Ráðstefnan er hluti af starfi samtakanna Nordic Society for Tourism and Hospitality Research og er vettvangur fræðilegrar umræðu á sviði ferðamála. Ráðstefnan er haldin árlega á Norðurlöndunum og var ráðstefnan í ár 29. ráðstefnan sem haldin hefur verið.

Yfirskrift ráðstefnunnar var *Mótun hreyfanleika framtíðar* og fjallaði hún um ábyrga ferðaþjónustu og sjálfbæra framtíð í kjölfar óvissutíma. Skipulagning ráðstefnunnar var unnin í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólann á Akureyri. Upphaflega átti að halda ráðstefnuna á Akureyri í september 2020 en vegna Covid-19 var henni frestað og halda átti hana í Háskólanum á Akureyri dagana 21-23. september 2021. Vegna hertra sóttvarnaraðgerða á Íslandi í ágúst 2021 var ákveðið með fjögurra vikna fyrirvara að færa ráðstefnuna alfarið yfir á rafrænt form.

Ráðstefnan var haldin á fjarfundabúnaðnum Zoom dagana 21-23. september og tóku 205 manns þátt. Flestir þátttakendur komu frá Norðurlöndum en hluti þeirra kom frá öðrum Evrópuþjóðum, Norður-Ameríku og Japan. Á ráðstefnunni voru haldin 157 erindi í 31 málstofu og auk þess fjórar vinnustofur með 15 erindum. Þrír lykilfyrirlestrar voru fluttir af þeim dr. Penelope Harvey frá University of Manchester, dr. Edward Huijbens frá Wageningen University og dr. Outi Rantala frá University of Lapland. Rektor Háskólans á Akureyri, Eyjólfur Guðmundsson og ráðherra ferðamála, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir fluttu bæði ávörp við setningu ráðstefnunnar.



Frá hægri til vinstri; Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, Eyjólfur Guðmundsson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fluttu ávörp við setningu ráðstefnunnar. Dr. Edward Huijbens, dr. Penelope Harvey og dr. Outi Rantala héldu lykilfyrirlestra ráðstefnunnar.



Hross stillir sér upp á Mýrum

Rannsóknasamstarf

Frumkvöðlastarf og fjölskyldufyrirtæki í ferðapjónustu (Touref)

Markmið þessa rannsóknarhóps er að efla þekkingu og skilning á frumkvöðlastarfi innan lítilla (fjölskyldu) fyrirtækja í ferðapjónustu, þýðingu þess og eðli. Desiderio J. García Almeida, frá háskólanum í Las Palmas á Kanaríeyum stýrir hópnum. Íris Hrund Halldórsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfsmaður hópsins. Rannsóknarhópurinn stóð fyrir málstofu á Nordic Symposium 29 undir yfirskriftinni *Entrepreneurship and Family Business: Dynamics and challenges in the European tourism sector*.

Norðurslóðanet Íslands

RMF er einn stofnaðila Norðurslóðanets Íslands - þjónustumiðstöðvar norðurslóðamála. Netið er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félaga-samtaka á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða.

Norrænt rannsóknarnet um skemmtiskiparannsóknir (NCRN)

Samstarfsnet fræðimanna sem fást við rannsóknir á ferðapjónustu tengdri umferð og heimsóknum skemmtiferðaskipa á norðurhveli. Undir hatti rannsóknarnetsins hafa síðustu ár verið skipulagðar málstofur á alþjóðlegum ráðstefnum auk rannsóknaverkefna í samkeppnissjóði svo sem

Sjálfbærni móttökusvæða skemmtiskipa á norðurslóðum: Frá starfsháttum til stýringar (e. *Sustainable Arctic Cruise Communities: From Practice to Governance*).

Samtök um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN)

Alþjóðleg samtök sérfræðinga á sviði ferðamála-rannsókna á heimskautasvæðum. Samtökin leggja áherslu á þekkingarsköpun og -miðlun þar sem mismunandi sjónarmið fá hljómgrunn.

Vinnuafli í ferðapjónustu

Rannsóknahópur um öflun og miðlun þekkingar, á vinnuafli í ferðapjónustu á norðlægum slóðum.

Rannsóknarhópurinn var myndaður í kjölfarið á 13. ráðstefnunni um ábyrga ferðapjónustu á áfangastöðum (e. 13th International Conference on Responsible Tourism in Destinations), sem haldin var í Reykjavík 28. og 29. september 2017.

Tilgangur rannsóknarhópsins er að efla og deila þekkingu um starfsfólk og störf í ferðapjónustu.

Dr. Andreas Walmsley, Háskólanum í Coventry, leiðir vinnu rannsóknahópsins en Íris Hrund Halldórsdóttir er starfsmaður hópsins.

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF

Samtök ferðaþjónustunnar og Rannsóknamiðstöð ferðamála veittu tvenn verðlaun fyrir framúrskarandi lokaritgerðir um ferðamál á Íslandi árið 2021. Tanja Sól Valdimarsdóttir hlaut verðlaun fyrir BS-ritgerð sína í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og Michaël Bishop hlaut verðlaun fyrir MS-ritgerð sína í land- og ferðamálafræði, líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Tilkynnt var um verðlaunahafa á aðalfundi SAF sem fram fór með rafrænum hætti þann 29. apríl en verðlaunin voru afhent í 16. sinn.

BS-ritgerð Tönju nefnist *Á ferðalagi um samfélagsmiðla*. Leiðbeinandi var Gunnar Þór Jóhannesson prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin fjallaði um hvernig samfélagsmiðlar móta ferðalög svonefndra ferðaáhrifavalda og áhrif samfélagsmiðla á ferðahegðun og sjálfsmynd þessa hóps í tengslum við ljósmyndun.



Tanja Sól Valdimarsdóttir

Rannsóknin var tvíþætt og byggði á viðtölum við íslenska ferðaáhrifavalda sem hafa skapað sér starfsferil á Instagram og eiga þar stóra fylgjendahópa. Auk þess var gerð innihaldsgreining á myndum áhrifavaldanna á Instagram. Rannsóknin leiddi í ljós að áhersla á ljósmyndun og deilingu efnis væru hvatar fyrir ferðalög og settu svip á það hvernig áhrifavaldarnir ferðuðust. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að áhrifavaldarnir áttu ekki aðeins stóran þátt í því að viðhalda áhorfinu heldur sé val

og upplifun þeirra á áfangastöðum undir sterkum áhrifum af því myndefni sem þegar er að finna á samfélagsmiðlinum. Á grunni niðurstaðna ályktar Tanja að áhrifavaldar hafi sem ferðamenn sterkari áhrif á samfélagsmiðlum vegna fylgjendahópa sinna og geti átt þátt í dreifingu ferðamanna um Ísland og mótað iðkun þeirra á áfangastöðum.

MS-ritgerð Michaëls nefnist *Viðhorf almennings til miðhálandisþjóðgarðs – skilyrði fyrir samstöðu meðal notenda* (e. *Public Views on the Central Highland National Park: Conditions for a consensus among recreational users*). Leiðbeinendur hans voru Rannveig Ólafsdóttir prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og Þorvarður Árnason forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Hornafirði.



Michaël Bishop

Í ritgerðinni voru könnuð viðhorf almennings til miðhálandisþjóðgarðs og til ágreiningsmála vegna nýtingar á landsvæðinu sem þjóðgarðurinn myndi ná yfir. Í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði höfundur netkönnun meðal Íslendinga til að meta afstöðu þeirra til miðhálands Íslands og mála tengdum náttúru Íslands og ferðamennsku. Niðurstöðurnar leiddu í ljós mikinn stuðning meðal almennings við fyrirhugaðan þjóðgarð en að sama skapi skiptar skoðanir á uppbyggingu vega og þjónustu á svæðinu. Þeir sem studdu stofnun þjóðgarðs lögðu mikla áherslu á að með þjóðgarði verði auðveldara að stýra uppbyggingu ferðaþjónustu á miðhálandinu á meðan þeir sem voru á móti höfðu áhyggjur af dvínandi tækifærum

almennings til útivistar á svæðinu, rekstrarkostnaði þjóðgarðs og miðstýringu. Út frá niðurstöðunum er ályktað að til að tryggja breiðari samstöðu meðal notenda svæðisins þurfi að stýra ferðamennsku og varðveita fjölbreytt tækifæri til útivistar. Rannsóknin dregur fram mikilvægi samráðs við alla hagsmunaaðila til að takast betur á við væntingar

þeirra og tryggja breiðari sátt meðal notenda svæðisins um ókomna framtíð.

María Guðmundsdóttir fv. fræðslustjóri SAF, Sigríður Sigurðardóttir lektor við ferðamálaeild Háskólans á Hólum og Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur RMF sátu í dómnefndinni.

Tilnefnd lokaverkefni

An assessment of whale watching impacts on the behaviour of humpback whales (Megaptera novaeangliae) in Skjálfandi Bay, Iceland

Höfundur: Hanna Vatcher, MS-gráða í haf – og strandsvæðastjórnun, Háskólasetri Vestfjarða (viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri)
Leiðbeinandi: Marianne Rasmussen

Á ferðalagi um samfélagsmiðla

Höfundur: Tanja Sól Valdimarsdóttir BS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinandi: Gunnar Þór Jóhannesson

Covid-19 as an opportunity for more sustainable tourism – A realistic expectation?

Höfundur: Lena Hinze, MS-gráða í stjórnun í ferðaþjónustu, viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík
Leiðbeinandi: Marina Candi

Environmental compliance and practices of cruise ships in Iceland: an exploratory case study - port of Ísafjörður

Höfundur: Sheng Ing-Wang, MS-gráða í haf – og strandsvæðastjórnun, Háskólasetri Vestfjarða (viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri)
Leiðbeinandi: Catherine Chambers

„Fyrir það fyrsta, þá er þetta rosalega frábært markmið, en rosa stórt“: Rannsókn á framtíðarsýn Stjórnarráðsins innan íslenskrar ferðaþjónustu til ársins 2030

Höfundar: Andrea Björk Olgeirsdóttir og Svana Þorgeirsdóttir, BS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinendur: Rósbjörg Jónsdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds

Íshellaferðir út frá upplifunarhagkerfi Pine og Gilmore: Áhrif upplifunar á ánægju

Höfundur: Nejra Mesetovic, MS-gráða í markaðsfræði, viðskiptadeild Háskólans á Bifröst
Leiðbeinandi: Brynjar Þór Þorsteinsson

Public Views on the Central Highland National Park: Conditions for a consensus among recreational users

Höfundur: Michaël Bishop, MS-gráða í land- og ferðamálafræði, líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
Leiðbeinendur: Rannveig Ólafsdóttir og Þorvarður Árnason

Visitors in the land: values, opinions and perceptions of visitors to inform management at seal watching spots in Northwestern Iceland

Höfundur: Cecile Marie Chauvat, MS-gráða í haf – og strandsvæðastjórnun, Háskólasetri Vestfjarða (viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri)
Leiðbeinendur: Jessica Aquino og Sandra Granquist

Whale-Watchers' Perceptions of Whaling in Iceland

Höfundur: Erin Henderson, MS-gráða í haf – og strandsvæðastjórnun, Háskólasetri Vestfjarða (viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri)
Leiðbeinandi: Chiara Bertulli

Sjá nánar: <http://www.rmfi.is/is/um-rmf/verdlaun>



Útigönguhöfði

Útgefið efni

Skýrslur RMF

Ása Marta Sveinsdóttir. (2021). *Shaping mobile futures: Challenges and possibilities in precarious times – Book of Abstracts*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2021). *Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 – 101* Reykjavík. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2021). *Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 – Höfn í Hornafirði*. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2021). *Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 – Ísafjörður*. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2021). *Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 – Skútustaðahreppur*. Ferðamálastofa.

Íris Hrund Halldórsdóttir. (2021). *Ferðapjónusta á Íslandi og COVID-19 – Staða og greining fyrirliggjandi gagna*. Ferðamálastofa.

Vera Vilhjálmsdóttir. (2021). *Kínverskir ferðamenn á Íslandi. Upplifun og reynsla íslenskra ferðapjónustuaðila*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Ritryndar greinar

Burns, L.B., Haraldsdóttir, L., and Gunnarsdóttir, G.P. (2021). Interpretation in Ásbyrgi: Communicating with National Park Visitors in Iceland. *Sustainability*, 13, 12592. <https://doi.org/10.3390/su132212592>

Bókarkafar

Vilhjálmssdóttir, V., Gunnarsdóttir, G.P. and Black, R. (2021). Embracing Chinese tourists in Iceland: The response of the tourism industry. Í Lee, Y-S. (ed.), *Asian Mobilities Consumption in a Changing Arctic* (bls. 155-167). Routledge.



Eldgos í Geldingardölum

Fyrirlestrar og erindi

Ása Marta Sveinsdóttir. 2021, 29. október. „Skemmtiskipaferðamennska á Ísafirði á óvissutímum“. Erindi flutt á ráðstefnunni Þjóðarspejillinn 2021.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2021, 16. desember. „Viðhorf íbúa 101 Reykjavíkur til ferðamanna og ferðaþjónustu á tímum COVID-19“. Erindi flutt á fundi samstarfshóps um málefni miðborgarinnar.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2021, 22. september. „Getting a break from tourism? How COVID-19 has impacted residents attitudes towards tourism“. Erindi flutt á 29th. Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2021, 28. október. „Hefur faraldurinn breytt afstöðu heimamanna til ferðaþjónustu og ferðamanna?“. Hádegisfyrirlestur á vegum Ferðamálastofu.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2021, 29. október. „Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu á tímum COVID-19“. Erindi flutt á ráðstefnunni Þjóðarspejillinn 2021.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2021, 6. desember. „Hagnýti rannsókna“. Erindi flutt á málþingi SAF um Rannsóknir í ferðaþjónustu.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2021, 19. september. „Tourism in Icelandi“. Erindi flutt á málstofunni

Iceland, a social and economic utopia? sem haldin var á vegum Konrad-Adenauer-Stiftung.

Íris Hrund Halldórsdóttir. 2021, 10. júní. „Responding to Tourism Crisis – The Case of Iceland. Erindi flutt á ráðstefnunni Regions in Recovery: Building Sustainable Futures – Global E-Festival.

Íris Hrund Halldórsdóttir. 2021, 18. júní. „The Resilience of Icelandic Tourism: How Tourism SME's Cope Through Crisis“. Erindi flutt á ráðstefnunni ISISA 2021: Sharing Lessons, Sharing Stories.

Íris Hrund Halldórsdóttir. 2021, 23. september. „Tourism firms in crisis: Theoretical perspectives on the role of the entrepreneurial ecosystem“. Erindi flutt á 29th. Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research.

Íris Hrund Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir. 2021, 23. september. „Mapping migrant workers in tourism in Iceland“. Erindi flutt á 29th. Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research.

Íris Hrund Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir. 2021, 23. september. „Islands of workplaces or wider social intergration? Migrant workers in tourism in the Icelandic tourism boom“. Erindi flutt á 29th. Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research.

Íris Hrund Halldórsdóttir og Anna Guðrún Ragnarsdóttir. 2021, 20. október. „Hversu vel var ferðapjónustan í stakk búin til að takast á við niðursveiflu vegna heimsfaraldurs? Hádegisfyrirlestur á vegum Ferðamálastofu.

Íris Hrund Halldórsdóttir. 2021, 29. október. „Seigla í íslenski ferðapjónustu – Viðbrögð við krísu“. Erindi flutt á ráðstefnunni Þjóðarspejillinn 2021.

Vera Vilhjálmisdóttir. 2021, 4. febrúar. „Poppmenning í ferðapjónustu: Tækifæri til nýsköpunar“. Fyrirlestur í námskeiðinu Nýsköpun í ferðapjónustu við ferðamáladeild Háskóla Íslands.

Vera Vilhjálmisdóttir. 2021, 24. febrúar. „Poppmenning í ferðapjónustu: Tækifæri til nýsköpunar“. Fyrirlestur í námskeiðinu Vöruþróun og nýsköpun við ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Vera Vilhjálmisdóttir. 2021, 22. október. „Hosting Chinese Tourists in Iceland: The experiences of the Icelandic Tourism Industry“. Erindi flutt á

29th. Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research.

Vera Vilhjálmisdóttir. 2021, 29. október. „Hvaða minjar eru merkilegar? Viðhorf íbúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar til minjastaða“. Erindi flutt á ráðstefnunni Þjóðarspejillinn 2021.

Vera Vilhjálmisdóttir. 2021, 8. nóvember. „Poppmenning: skapandi afl í ferðapjónustu?“. Erindi flutt á kynningarfundi fyrir ferðapjónustuaðila á Norðurlandi um poppmenningar ferðapjónustu, haldin á Húsavík.

Vera Vilhjálmisdóttir. 2021, 25. nóvember. „Poppmenning: skapandi afl í ferðapjónustu?“. Erindi flutt á kynningarfundi fyrir ferðapjónustuaðila Suðurlandi um poppmenningar ferðapjónustu.



Hvanngil og Hellnaá



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

2022